Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

Aðfnr. 2227, örk 11

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Samkvæmt samningi við veganefnd Reykjavíkur skuldbundu þeir herra Hannes ritstjóri Þorsteinsson, herra Jón skósmiðsmeistari Brynjólfsson og herra Guðmundur kaupmaður Einarsson hjer sig til að taka þannig þátt í vegargjörð þeirri — rennu og stjettarlagning —, er framkvæmd var í sumar sem leið í Austurstræti, að þeir herra Hannes Þorsteinsson og herra Jón Brynjólfsson skyldu greiða einn fjórða hluta af kostnaðinum fyrir þeirra lóð við nefnda götu, en herra Guðmundur Einarsson lofaði að leggja 1 kr. til hverrar álnar í rennunni og stjettinni fyrir sinni húseign þar. Nú er lóð velnefndra Hannesar Þorsteinssonar og Jóns Brynjólfssonar í fjelagi samtals 33 áln. 20 þuml. á lengd meðfram götunni en lóð velnefnds Guðmundar Einarssonar 39 áln. 8 þuml. meðfram sömu götu. Kostnaðurinn við hverja alin í rennunni og stjettinni (fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

utanlóðarkaup) nam 4 kr. 44 a., og með því að þeim herra Hannesi Þorsteinssyni og herra Jóni Brynjólfssyni ber að greiða 1/4 þaraf eða 1 kr. 11 a. á hverja alin fyrir þeirra lóð, þá verður þeirra tillag til vegargjörðarinnar samtals 37 kr. 55 a., en tillag herra Guðmundar Einarssonar 39 kr. 33 a.

Reykjavík, 31. oktbr. 1904

F. h. veganefndar Reykjavíkur

Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vjer undirritaðir húseigendur við Austurstræti hjer í bænum lofum að greiða 1/4 – einn fjórða hluta – kostnaðar við fyrirhugaða rennugerð og aðgerð að stjett fyrir framan lóðir vorar við nefnda götu, svo framarlega sem aðgerð þessi fer fram á þessu sumri.

Reykjavík, 22. júlí 1904.

Hannes Þorsteinsson

Jón Brynjólfsson <u>ef byrjað er á verkinu innan viku</u>

Jeg Guðmundur Einarsson lofa að borga 1 – eina krónu fyrir hverja alin af rennunni framundan lóð minni eða samtals <u>39 – þrjátíu og níu krónur.</u>

Rvík. 25/7. 1904.

Guðmundur Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 2. Lagt fram í aukarjetti Reykjavíkur 8/5 1903.
Hannes Daníelsson.

Undirskrifaður bæjarfógeti í umboði bæjarstjórnarinnar í Reykjavík og undirskrifaður trjesmiður Eyjólfur Ófeigsson gjöra hjer svofelldan

samning:

1. gr.

2 óvilhallir menn dómkvaddir skulu meta til peningaverðs

a, húseign Eyjólfs Ófeigssonar nr. 7. við Smiðjustig í heild sinni, lóðina með húsum þeim, er á henni standa.

b, allt efni húsanna, eða húsið til niðurrifs.

c, lóðina út af fyrir sig, bæði byggða og óbyggða og tilgreina verð á hverri □ alin.

2. gr.

Bæjarstjórnin skuldbindur sig til að kaupa nú þegar ofangreinda húseign Eyjólfs Ófeigssonar með því verði, er matsmenn ákveða, samkvæmt 1. gr. a., enda er honum og skylt að selja henni eignina fyrir það verð.

3. gr.

Um leið og kaupin gjörast um húseignina skuldbindur Eyjólfur Ófeigsson sig til að kaupa efnið í húsunum eða húsið eins og það stendur til niðurrifs með virðingarverði samkvæmt 1. gr. b. og dregst það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá kaupverði húseignarinnar.

4. gr.

Lóð húseignarinnar, er afgangs verður vant-anlegu götustæði (Hverfisgötu) skal Eyjólfi Ófeigssyni heimilt að fá sjer afsalaða gegn endurgjaldi eptir mati samkv. 1. gr. c., en lýsa skal hann því yfir jafnframt og kaupin gjörast um húseignina, hvort hann vill leggja fölur á lóðina og dregst and-virði hennar frá kaupverði húseignarinnar.

5. gr.

Ef Eyjólfur Ófeigsson reisir hús á lóðinni á yfirstandandi ári skal honum heimilt að láta gamla húsið standa, þangað til hið nýja hús er fullgjört. Vilji hann láta ~~nýja~~ húsið standa lengur, verður hann að fá til þess leyfi bæjarstjórnarinnar, sem að eins verður veitt með því skilyrði, að hann flytji húsið burtu með ½ mánað-ar fyrirvara, þegar bæjarstjórnin krefst þess.

Reykjavík 20. apríl 1903.

Halldór Daníelsson Eyjólfur Ófeigsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

K. Zimsen,
Ingeniør.

307/6

Reykjavík 30. júní 1903.

Á síðasta bæjarstjórnarfundi sótti jeg, fyrir hönd sóknarnefndarinnar, um heimild til að mega gjöra beina nýju kirkjugarðsgirðinguna meðfram Suðurgötu, en fjekk ekki. Þar sem jeg hefi ástæðu til að ætla, að hátt-virtri bæjarstjórn hafi ekki verið fullkunnugt um, hvernig hin umbeðna stefna á kirkjugarðsgirðingunni sje, leyfi jeg mjer að senda uppdrátt, er sýnir hana og jafn-framt að fara þess á leit, að hin háttvirta bæjarstjórn vilji að nýja íhuga málið og veita leyfið, ef hún sjer sjer fært.

Virðingarfyllst
K. Zimsen.

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Bráðabirgðarmæling.




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifaðir, sem erum kvaddir af herra bæjarfógetanum í Reykjavík Halldóri Daníelssini til þessaðvirða húseign herra trjesmiðs Eyólfs Ofeigssonar N° 7 við Smiðjustig, — höfum virt húseign þessa þannig

| | | |
|---|---|---|
| 1. Lóð húseignarinnar byggða og óbyggða 1941 □ ál. á 60 au | 1164. | 60 a |
| 2. Grjótgarða 4 tenings faðma 10 kr. faðminn | 40. | 00 a |
| 3 suðurpart íbúðar húsins sem er 5¾ x 6 ál. ris hæð 3 ál. | 370. | 00 |
| 4 Mið húsið sem er 7¼ x 10¼. hæð 6½ ál. | 1695. | 00 |
| 5 norðurparter húsins stærð 9 x 7 ál. h 6½ þiljaður uppi | " | " |
| í 2 verelsi en ekki niðri | 675. | 50 |
| 6 Skúr 3¾ x 3 ál. | 65. | 00 |
| 7 Smiðja 7 x 8 ál. hæð 3 ál. 50 kr. Port 24 fet 15 kr. | 65. | 00 |
| | 4075 | 10 |

allt efni húsanna eldfæri múr og naglfast eða húsin til niðurrifs virðum við á 630 kr.

Þess skal getið að húsið eins og það nú er leigist allt fyrir 28 kr. á mánuði eftir því sem við komustum næst

ofanskrifaða virðingu erum við reiðubúnir að staðfesta með eiði ef krafist verður að hún sje framkvæmd með bestu samvisku eftir nákvæma ígrundun

Reykjavík 12 Mai 1903

Bjarni Jónsson — Erlendur Zakaríasson

Stefán Egilsson

Friðrik. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 1. Lagt fram í aukarjetti Reykjavíkur 8/5 1903.
Halldór Daníelsson.

Við undirritaðir, sem af herra bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni höfum verið kvaddir til þess, að virða húseign herra trjesmiðs Eyjólfs Ófeigssonar númer 7 við Smiðjustíg, – höfum virt húseign þessa; – þannig:

1. húseign Eyjólfs Ófeigssonar nr. 7. við Smiðjustíg, í heild sinni, – lóðina með húsum þeim er á henni standa, á Kr. 4,872,80

2. allt efni húsanna ásamt eldfærum og öðru múr og naglföstu, – eða húsin til niður rifs. Kr. 730,00

3 alla þá lóð, er húseigninni fylgir, bæði byggða, og óbyggða, – hverja □ al. á 0,80 alls 1941 □ al. Kr 1552,80

Reykjavík 1. maí 1903
Sigvaldi Bjarnason Magnús Benjamínsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskript
## úr auka- og gestarjettarbók Reykjavíkur.

Ár 1903, þ. 8. maí var aukarjettur Reykjavíkur settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með vottum Jóni G. Sigurðarsyni og Einari Bjarnssyni. Þá var tekið fyrir

Að tilnefna 4 menn til að gjöra yfirmat á húseigninni nr. 7. við Smiðjustíg.

Dómnefning þessi fer fram eptir beiðni bæjarstjórnarinnar. Lagt var fram nr. 1. matsgjörð samin 1. þ. m. af Sigvalda Bjarnasyni og Magnúsi Benjamínssyni, nr. 2. samningur um kaup á nefndri húseign, dags. 20. f. m. milli Eyjólfs Ófeigssonar og bæjarstjórnarinnar – –

Til að framkvæma yfirmat þetta, kvaddi rjetturinn þá

Bjarna Jónsson snikkara
Erlend Zakaríasson verkstjóra
Friðrik Bjarnason snikkara og
Stefán Egilsson múrara.

Yfirmatsmennirnir skulu gjöra hinum fyrri matsmönnum viðvart um, hvenær yfirmatið fer fram, svo að þeir eigi kost á að vera viðstaddir. Matið skulu þeir gjöra skriflega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leysa það af hendi eptir beztu þekkingu og samvizku og staðfesta það með eiði ef krafizt verður

Rjetti slitið.

Halldór Daníelsson

Jón Sigurðarson
Einar Björnsson

+ + +

Rjetta útskript staðfestir

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bráðabyrgðarmæling.




1:1000.




26/11-02.
K. Zimsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um lóðarkaup undir ýmsa vegi hjer í bænum hefir ingeniör Sigurður Thoroddsen sem formaður veganefndarinnar afhent mjer þannig lagaða skýrslu:

„Tjarnargata: lóðarkaup af Geir Zoëga = 33½ □ al. á 2 Kr.

„Hverfisgata. Lóðakaup: Daniel Dan. 270 □ áln. á 60 a. = 162 Kr.;
„Jón Magnússon 614 □ áln á 1 Kr. = 614 Kr.; Guðm. Guðmundsson
„408 □ áln. á 1 Kr. = 408 Kr.; Pjetur Gjaldkeri 426 □ ál.

„Lóðarkaup undir framhald Klapparstígs. Jóhannes Jónsson
„Litluklöpp 162 □ ál. (4½ x 36) á 1 Kr. = 162 Kr.

„Miðstræti: Lóðarkaup: af Hirti Hjartarsyni og systrunum.
„Hj. Hj. 188 □ ál. á 1.25; systurnar 366 □ ál. á 1 Kr 25 a."

Reykjavík, 20. júní 1904.

F. h. veganefndar Reykjavíkur

Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Lóð Daniels Danielssonar.

375 ferálnir.

Bærinn fær 272 ferálnir.

— " — lætur 58 — " — .




Reykjavik 13. sept. 1904.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lóð Daníels Daníelssonar.

375 faðmar.

Bærinn fær 22½ faðmar

— — lætur 58 — —




Reykjavík 13 sept 1924

[illegible signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Áætlun.

Kostnaður við framlenging Hverfisgötu niður fyrir lækinn og yfir garðinn hjá Jes Zimsen ásamt upphleðslu á lækjarkantinum að vestanverðu, undir tilvonandi brú.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Lengd vegarins 18. faðm. × Kr. 6.50 | = Kr. | 117.00 |
| 2. | Lengd lækjarkantsins 15½ faðm. × Kr. 16.= | – | 248.00 |
| 3. | Hækkun vestri á vestri brún lækjarins frá nefndri brú suður að Skrifstofubrúnni ásamt afleggjara yfir á Kalkofnsveg ca | – | 32.00 |
| | | Als. Kr. | 397.00 |

Stærð garðsins hjá Zimsen, er undir veginn fer, er ca 192½ □ al.

1167
175
1342

Reykjavík 18. ág. 1904.

Skúli Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

191

# Brú yfir bæjarlækinn

af framhaldi af Hverfisgötu jafn breiða veginum með 6 + 8" bitum og dekk af plönkum með handriði á báða vegu álít eg að kosta muni efni og verk sem næst 175 krónum

Reykjavík 18/8. 04

Friðrik Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Áætlun.

veganefndar um nokkrar vegagjörðir á árinu 1903.—

| | Kr. | a. |
|---|---|---|
| 1. Laugavegur: Stjett með steinlímdri rennu haldið áfram 150 metra inneptir, og nær hún þá að Nr. 54 á veginum, á 7 kr. m. = 1050 kr.; með breikkun á veginum áætlast kostnaðurinn að verða | 1100 | " |
| 2. Vegur frá barnaskólalóðinni suður að Fríkirkju (áður veitt á bæjarstjórnarfundi samkv. áætlun Kn. Zimsens) | 550 | " |
| 3. Vegur frá Bræðraborgarstíg — gagnvart Holtsgötu — austur að Landakotslóðinni: 40 faðmar á 3.50 = 140 kr. Þar að auki lóðarkaup undir veginn næst Bræðraborgarstíg (um 270 □ ál.) og girðing meðfram veginum yfir Þorgrímsholts-túnið (58 faðmar), hvorttveggja áætlað 110 kr. samtals 140 + 110 = | 250 | " |
| 4. Amtmannsstígur. Til pípuræsis frá enda steinlímdu rennunnar, sem nú er, alla leið niður í læk (41 faðm.) 300 kr. gegn því að Latínuskólinn og Hlutafjelagsbakaríið í sameiningu leggi til það, sem á vantar í kostnaðinn, sem mun verða að minnsta kosti annað eins (6 þuml. vídd); til að laga veginn á nefndum kafla, bera ofaní hann, til lóðarkaupa o. fl. áætlast 150 kr. samtals 300 + 150 = 450 | 450 | " |
| 5. Áframhald af Hverfisgötu vestureptir, frá Vatnsstíg að Klapparstíg 64 faðmar á 5 kr. = 320 kr.— lóðarkaup ca. 103 x 6 = 618 □ ál á 20 a = ca. 124 kr., girðing um 100 faðma = ca. 100 kr.; alls verður þetta 320 + 124 + 100 = 544 kr., en hjer frá dragast lofuð 19 dagsverk, verður þá kostnaðurinn fyrir bæjarsjóð um 500 kr. | 500 | " |
| 6. Styrkur til vegagerðar undir Rauðarárholti, til þeirra Pjeturs Hjaltesteds, Hermanns Guðm. o. fl. . . | 50 | " |
| 7. Styrkur til Hlutafjelagsbakarísins fyrir lagða steinlímda rennu frá Amtmannsstíg suðureptir | 30 | " |
| 8. Grettisgata frá Frakkastíg 100 faðma vestureptir | | |
| Flyt . . . | 2930 | " |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. | a. |
|---|---|---|---|
| | 100 faðmar à 5 Kr. = 500 Kr., lóðarkaup ca 7200 ☐ ál. à 20 a. fl... | 2930 | - |
| | = ca. 150 Kr, girðing ca 100 faðmar – 100 Kr., samt. 500+150+100 = | 750 | - |
| 9. | Að bera ofaní Hafnarfjarðarveg, 400 faðm. frá Eskihlíð uppeptir à 65 a = 260 Kr., 150 faðm. að sunnanverðu við Hlíðina à 55 a. = 82.50, tilsam. ca. .... | 350 | - |
| 10. | Ofaníburður à götur bæjarins o. fl. smávegis ófyrirsjeð | 1500 | - |
| 11. | Lóðarkaup undir Frakkastíg fyrir ofan Lindargötu 90 ☐ faðm. à 3.50 = 315 Kr., lóðarkaup undir rennu og stjett í Amtmannsstíg (Helgi Helgason) um 80 ☐ ál. = ca. 80 Kr., tilsamans ca. | 400 | - |
| | = | 5930 | - |

Þessi upphæð er nokkru meiri en sú, er ætluð er til vegabóta à fjárhagsáætluninni; en vjer álítum allt hið ofangreinda svo bráðnauðsynlegt, að ekkert af því megi dragast, og leggjum það undir úrskurð bæjarstjórnar, hvort hún vill hækka vegafjeð um 930 Kr. – það sem vjer undirritaðir leggjum til að gert verði, eða þá stryka út eitthvað af fyrtöldum 11 liðum.–

Þær aðgerðir, sem hjer fara à eptir, hefur veganefndin eigi sjeð sjer fært að mæla með að framkvæmdar yrðu à komandi àri, þótt hún álíti þær nauðsynlegar:

1. Framlenging Lindargötu vestureptir.
2. Vegur suður Melana.
3. Áframhald skolprennu í Bókhlöðustíg
4. Breikkun og framlenging Tjarnargötu
5. Rennugerð í Ingólfsstræti.–
6. Stjettargerð í Vesturgötu.

Þá skal að lokum upptelja þær vegagerðir, sem vega–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndin telur óhjákvæmilegt að framkvæmdar sjeu á komandi ári, en sem borgast eiga af lóðareigendum.

1. Grettisgata austur að Barónsstíg 60 faðmar á 4.50 faðm = 270 kr. .......... 270 kr. " –
2. Njálsgata ca. 80 faðmar á 4.50 = ..... 360 – " –
3. Frakkastígur frá Lindargötu að Njálsgötu 150 faðm. á 4.50 .. ——— 675 – " –
4. Vitastígur frá Hverfisgötu að Grettisgötu 70 faðm. á 4.50 ... — ——— 315 – " –

// 1620 – "

Reykjavík 10. des. 1902.

Sig. Thoroddsen.
G. Björnsson. Magnús Benjamínsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Áætlun

## um notkun vegafjárins fyrir árið 1904.

| | | kr. | a. |
|---|---|---|---|
| 1. | **Amtmannsstígur**: 150 kr. til lögunar á veginum frá Skólastræti niður að Læk (endurveiting) + 150 kr. (til Guðm. Björnssonar fyrir lóð og girðingu) + 300 kr. til breikkunar á veginum frá Þingholtsstræti uppað Ingólfsstræti (lóðarkaup og áframhald af sementaðri rennu), verður alls – – – – – | 600 | „ |
| 2. | **Styrkur** til Alutafjelagsbakarísins – 130 kr. (endurveiting) fyrir stjett og steinlímda rennu) . – – – – | 130 | „ |
| 3. | **Styrkur** til vegargerðar undir Rauðarárholti (endurveiting til þeirra Pjeturs Hjaltested o. fl.) 50 k. | 50 | „ |
| 4. | **Ingólfsstræti**: lóðarkaup af Halldóri Þórðars. og Tómasi Gunnarss. undir framhald strætisins a. 600 □ál. á 55 a. | 330 | „ |
| 5. | **Frakkastígur**: vegarkafli næst Lindargötu: lóðarkaup af þeim Árna Árnas. og Ólafi Bjarnasyni 50 □ faðm. á 3.25 = 162.50, kostnaður við vegalagninguna umfram vegagjaldið ca. 17.50 til samans 180 k. . . . . | 180 | „ |
| 6. | **Grettisgata** frá Frakkastíg vestur að Klapparstíg: lóðarkaup ca. 920 □ál. á 25 a. (lóðir Guðm. Einarssonar, Magnúsar Markússonar og Guðmundar íshúsmanns) = 230 k., girðingar ca. 100 k., kostnaður við vegalagningu umfram vegagjald ca. 70 k. . . | 400 | „ |
| 7. | **Klapparstígur**, framhald hans uppað Grettisgötu: lóðarkaup 600 □ál. = 600 kr., kostnaður við vegalagningu umfram vegagjald ca. 50 kr. . . . | 650 | „ |
| 8. | **Vitastígur**: kostnaður við vegalagningu umfr. vegagj. ca. | 35 | „ |
| 9. | **Vegur** milli Bergstaðastrætis og Laufásvegar: lóðarkaup 96 × 15 = 1440 □ál. á 25 a = 360 k., kostnaður umfram vegagjald ca. 20 k. – – – | 380 | „ |
| 10. | **Miðstræti**: áfram.hald til Bókhlöðustígs: lóðarkaup um 450 □ál. = ca. 400 k., kostnaður umfr. vegagj. ca. 20 k. | 420 | „ |
| 11. | **Brú** yfir Lækinn við Bókhlöðustíg (sementsteypu) | 200 | „ |
| 12. | **Tjarnargata** breikkun hennar og lögun, mest lóðarkaup ca. 240 □ál., alls um 400 k. – – | 400 | „ |
| | flyt . . . | 3775 | „ |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | kr. | a. |
|---|---|---|
| Fl. | 3775 | " |
| 13. Vesturgata: Skjótt og steinlímd renna, byrjað við hótel Reykjavík og vestur eptir 500 kr; fyrir þá upphæð kemst maður rúma 70 metra áfram . . | 500 | " |
| 14. Styrkur til vegarlagningar frá Vesturgötu fyrir austan hús Pjeturs blikksmiðs að húsi Jóns Sveinssonar trjesmiðs . - - - . | 200 | " |
| 15. Til ofaníburðar o. fl. smávegis . - - - | 1500 | " |
| 16. Óráðstafað: til óvissra, ófyrirsjeðra útgjalda | 525 | " |
| = | 6500 | " |

Ennfremur leggur veganefndin það til, að á árinu sjeu framkvæmdar eptirfylgjandi vegagerðir, er lóðareigendur eiga – samkv. ákvæði bæjarstjórnar – að borga með 4 k. 50 a. pr. faðm. –

| | kr. | a. |
|---|---|---|
| 1. Vitastígur 70 faðm. á 4.50 = | 315 | " |
| 2. Njálsgata 80 faðm. á " | 360 | " |
| 3. × Frakkastígur niður að Lindargötu 30 faðm. á 4.50 | 135 | " |
| 4. × Grettisgata vestur, frá Frakkastíg að Klapparstíg 124 faðm. á 4.50 - - - | 558 | " |
| 5. Lindargata frá Frakkastíg að Vitatorgi 60 faðm. á 4.50 | 270 | " |
| 6. Klapparstígur frá Laugaveg að Grettisgötu 30 faðm. á 4.50 | 135 | " |
| (7. Vegur milli Bergstaðastrætis og Laufásvega 36 faðm. á 4.50 = 162 kr. -) - - - | 162 | " |
| 8. Miðstræti 28 faðm. á 4.50 = - - | 126 | " |
| 9. × Mýrargata frá Brunnstíg 65 faðm. austur eptir á 4.50 = | 292 | 50 |
| = | 2353 | 50 |

Reykjavík 7. des. 1903

fyrir hönd veganefndar

Sig Thoroddsen.

Við undirritaðir höfum eptir beiðni bæarfulltrúa Hannesar Hafliðasonar skoðað og metið keðjuna af skipinu „Solid“ eign Magnúsar Blöndal, keðjan er 75 faðmar á lengd 5/8 gildleiki og, metum við faðm hvern á eina krónu og sömuleiðis, eitt akkeri með brotnum stokk á tíu krónur.
Keðjuna og, akkrið metum við því til samans á 85 krónur áttatíu og fimm krónur

Rvk 5/1 1906

Kristinn Magnússon
skipstjóri
Jafet Ólafsson
(skipstjóri)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

O. WATHNES ARVINGER A/S STAVANGER

Jeg A. Stendahe Fører af Dampskibet "Prospero"
hvormed jeg nu ligger her for at seile til Seydisfjord, hvor min rette Losning skal være,
tilstaar at have modtaget i Rummet af forbemeldte Skib af Hr. Joakim Devold, Aalesund

adr. 10 Colly Kran
Vægt 934 Kg.



under hosstaaende Mærke, og i tilsyneladende god og forsvarlig Stand, for efter lykkelig fuldendt Rejse at levere Alt i samme Tilstand til Reykjaviks Bystyre, Reykjavik
(via Seydisfjord) eller Ordre.
Fragten er betinget efter Taxt Kr 4 p. 100 Kg + 10% = Kr 33.62 Franco til Seydisfjord.
og Havarie efter Søbrug. Til Sikkerhed for Opfyldelsen af Ovenanførte, indestaar jeg med min Person, Gods og forbemeldte Skib med al dets Tilbehør og har til den Ende selv eller ved min Befuldmægtigede paa mine Vegne underskrevet 3 ligelydende Konnossementer. Naar et er opfyldt ere de andre ugyldige.

Vægt, Maal, Indhold og Værdi ubekjendt. Fri for Skade, ligeledes er Skibet ansvarsfrit for den Skade, der foraarsages ved Rotter, Mus eller andet Utøi. Godset maa afhentes uopholdelig efter Skibets Ankomst, i modsat Tilfælde oplægges det paa Land eller nedlægges i Pram for Ejerens Regning og Risiko. Skibet er fri for Pramnings-Omkostninger. Skibet har Ret til at anløbe andre Havne for at losse og lade, sejle med eller uden Lods, assistere og bugsere andre Skibe. I Tilfælde af Is eller anden Forhindring forbeholdes det at losse Varerne i nærmeste tilgjængelige Havn eller paa Afskibningsstedet, enten paa Tur- eller paa Returrejsen, efter Førerens Skjøn, og i Tilfælde af Kolera eller anden smitsom Sygdom har Føreren Ret til at oplosse Varerne i anden smittefri Havn eller paa Afskibningsstedet, alt imod Betaling af fuld Fragt, og for Ejerens Regning og Risiko. I Tilfælde af Havari afgjøres dette ifølge York-Antwerpen Reglerne af 1890. Stedet for eventuel Dispacheopgjørelse bestemmes af Rhederiet. For Ulykkestilfælde, der opstaa ved Feil eller Forsømmelse af Kaptainen, Besætningen eller Lodsen, er Rhederiet ikke ansvarligt, og forbeholdes der Ret til at lade Ladningen bidrage sin Andel i de herved opstaaede Omkostninger, ganske som om den paagjældende Tildragelse var sket ved en Hændelse eller skyldtes „force majeure". Gods losset paa feil Plads sendes snarest til Bestemmelsesstedet for Skibets Regning. For Mangler, der ikke er reklamerede inden 24 Timer efter Skibets Udlosning, kan Skibet ikke gjøres ansvarligt. Skibet er ikke ansvarligt for forsinket Levering af Gods, foraarsaget ved Striker, Lockouts eller Komplotter af Officerer, Maskinfolk, Besætning, Dok-Arbeidere, Stuvere, Lægtermænd eller andre, der have med Ladning og Losning af Skibet at gjøre, eller for Følger, som opstaa heraf, ligesom det heller ikke er ansvarligt for Feil opstaaede ved Godsets utilstrækkelige eller feile Mærkning. Toldmulkter, som idømmes Rhederiet eller Kaptainen paa Grund af, at Konnossementerne af Afsenderne ikke er udstedte i Overensstemmelse med de paa Bestemmelsesstedet gjældende Toldforskrifter, ere Afsendere og Modtagere solidarisk forpligtede til at erstatte Rhederiet. Omladning i andet Skib er tilladt, saavel direkte fra Skib til Skib som over Land og ved Pramme, for Skibets Regning, men Ejerens Risiko. Naar Skibet losser ved Kai, maa den eventuelle Kaiafgift for Varer betales af Modtageren. For bortkomne Varer betales kun Facturapris. Varer som lastet paa Dæk medtages kun for Ejerens Risiko. Forudbetalt Fragt tilbagebetales ikke under nogen Omstændighed.

Bergen, den 15de Octbr 1906

for Kaptainen
Caspar Nilsen

*Efterkrav* . . . . . . . *Kr.*
*Inkasso-Provision* % "
*Kr.*

*Omladt i s/s*
*Capt.*
*den*

DREYER'S BOGTRYKKERI, STAVANGER.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Baðhús

11½ x 18½ alin.




nov. 1905

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að svo virðist sem all margir bæjarbúar sakni þess að ekkert baðhús er hjer í bænum og því heldur eigi mun verða neitað að svo stór bær, sem Reykjavík nú er orðin, megi ekki án baðhúss vera, bæði vegna heilbrigði manna og almenns þrifnaðar, hefur okkur undirrituðum komið til hugar að reyna að gangast fyrir því að baðhúsi yrði komið á stofn hjer í bænum. — Þar sem það nú mun öllum ljóst, samkvæmt undanfarandi reynslu, að baðhús getur alls eigi borgað sig og því síður orðið arðvænlegt fyrir þá, sem vildu leggja fje til þess, þá leyfum við okkur að snúa okkur til hinnar háttvirtu bæjarstjórnar til þess að fá vitneskju um, hvort hún mundi eigi vilja styrkja slíkt fyrirtæki með árlegu tillagi úr bæjarsjóði. — Í þeim baðhúsum, sem hjer hafa verið, hefur aðaláherzlan verið lögð á kerlaugar, svo og <u>köld</u> steypiböð, en eigi verið kostur á heitum eða volgum steypiböðum ásamt hinum köldu. Nú er það reynsla manna í öðrum löndum að allur fjöldi fólks

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kunni bezt við og vilji helzt nota þessi síð-
astnefndu, svokölluðu „tempereruðu“ steypi-
böð og höfum við því hugsað okkur að
leggja þau aðallega til grundvallar er
nýtt baðhús yrði byggt. Slík böð eru
allsstaðar talsvert ódýrari en kerlaugar,
og vildum við að þau gætu orðið seld
hjer á 10-15 aura.

./. Við leyfum okkur nú að láta fylgja
hjer með teikningu af baðhúsi eins og
við höfum hugsað okkur það. Húsið
er einlyft, 11½ al. á breidd og 18½ al.
á lengd. Við teljum hentugast að
byggja það úr steini og mundi það,
með 6 steypibaðsklefum og 2 kerlaug-
um, kosta 7500 kr. Grunn undir
það eigum við kost á að fá í Kirkju-
stræti, bak við hús Kristjáns Þor-
grímssonar, fyrir 1200 kr. Áhöld
og uppsetning þeirra mundi kosta
1900 kr. Svo alls yrði kostnaðurinn
10600 krónur. Árlegur kostnaður við
slíkt baðhús telst okkur að mundi
verða alls hjerumbil 3000 kr. Hverjar
tekjurnar mundu verða er ekki
gott að ætlast á um. Okkur er
kunnugt um að annað árið, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

baðhúsið var hjer í Aðalstræti (1897), voru tekjur þess rúmar 500 kr.. Síðan hefur fólki fjölgað mikið hjer í bænum svo sjálfsagt má gjöra ráð fyrir talsvert meiri tekjum nú, en samt sem áður virðist varla geta komið til nokkurra mála að tekjurnar verði svo miklar að baðhúsið gæti staðist án þess að fá 1000 kr. árlegan styrk og jafnvel mætti þrátt fyrir það búast við að hluthafar fengju enga eða mjög litla vexti af fje sínu.

Við leyfum okkur því að fara þess á leit að bæjarstjórnin veiti 1000 kr. árlegan styrk úr bæjarsjóði til slíkrar baðhúss-stofnunar, sem hjer ræðir um.

Ef bæjarstjórnin skyldi óska eftir frekari upplýsingum viðvíkjandi máli þessu erum við fúsir á að láta þær í tje eftir því sem okkur er unnt.

Reykjavík 5. desember 1905

Virðingarfyllst

Jón Þorláksson
verkfræðingur.

Eggert Claessen
cand. juris.

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5/7 Vísað til fjárhagsnefndar
JM

Það er álit mitt, að það sje bæði óhagfellt og vansæmd fyrir Reykjavíkurbæ, að eiga ekki þinghús, eða ákveðinn stað fyrir samkomur sínar. Vil jeg því leyfa mjer að gjöra þá tillögu, að bærinn kaupi „Goodtemplara" húsið sem sagt er að sje nú fáanlegt til kaups.

Með mikilli virðingu

Reykjavík 4 Júlí 1906

Tryggvi Gunnarsson.

2288 ÷ 392 = 1896

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21/8

BÆJARVERKFRÆÐINGURINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 19. ágúst 1907.

Lóð sú, er Erlendi Guðmundssyni, skipstjóra, var útvísuð við væntanlegu götu fyrir sunnan Vesturgötu og samhliða henni, hefur mjer mælst vera

485 ferálnir.

K. Zimsen.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ægirsgadi 74² Kjöbenhavn L – Martz 1904

Hattvyrti Herra!

þar ed reykjavikur bær er i vifandi frammför og ódum breidir sig bædi sudur austur og vestur. vildi eg leifa mjer ad stinga upp á hvert ekki mundi vera æskilegt ad draga ny byggingarsvædi undir bæinn í tilefni þessa vildi eg stinga upp a ad taka arnarhól sem hid hentugasta svædi bæarins til fyrirtækisins og sem med tímanum med reglulegri bygging mundi verda hin skrautlegasti partur hans. leifi eg mjer þvi ad-vidleggja medfylgjandi utkast til frekari athugunar fyrir vidkomandi. eg vil stuttlega skyra fra hvernig eg hugsadi notud nokkur svædi i utkasti þessu.

eingin hús ma byggja a arnarhól lægri en tvíloftud.
húsradir hugsadi eg mjer lagdar med framm götunum med opnu svædi i midju fyrir garda eda til annara afnota

ad 1 rádherrans hús hugsadi eg mjer bygt á uppkastadri hæd tviloftad framhleift midjan. eftir nyustu tísku ad herbergjaskipun og öllu er ad inrjeting hússins litur. ef mögulegt væri med neidsluvatni til brúkunar samt med undirjardar ræsirum til afleidslu fyrir regn og eldhúsvatn. sjalfsagt væri ad haga herbergja-skipun med meiru eftir ósk þess. er fyrstur tæki bústad þennan til afnota

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad-2. líkneski ingólfs hugsaði eg gjört úr malmi undirstaðan úr einum íslenskum steini yfirpartur steinsins borin af fjórum öndvegissulum á hliðunum úthöggvið fornt víkingaskip undir seglum. borðinn alsett skjöldum. nafn ingólfs árstal er hann bygði landið. árstal er líkneskið var reist. og af hverjum ingólfur standandi í stutbuxum með húfu eptir palendri tísku eða vígabúin að fornum sið með stálhúfu = friðarins föt = færu víst best— alt svo mikið sem unt er búið til af íslenskum og í landinu sjálfu

ad-3. teikniskóla fyrir handyðnamen hugsaði eg mjer lagðan við lækinn skóla þennan ætti að byggja sem fyrst kenslugreinar í teiknilist fyrst um sinn yrði vjelasmiði skipasmiði járnsmiði húsasmiði og húsgagna af flestu tagi. handyðn ætti að geta þrifist og er bráðnauðsinleg til framfara landinu. auðvitað yrði að hlunna að stofnum þessari að kraftar þeir er hún framleiddi ekki glötuðust fyrir landið skipasmiði ætti sjer í lagi að geta blómgast þá er maður tekur tillit til hins stóra flota sem nú er og sem vonandi aukist meir og meir með tímanum skipabygging samt. uppdrattarsvæði mætti víst hvergi betur hafa enn á skerjafyrði er liggur svo örstutt frá bænum.

ad-4 barnaskólan hugsaði eg mjer reistan austan megenn hólsins. vegn barna þeirra þar í grendinni er með tímanum fjölgaði, og of langt þætti að leita skólans niður við tjörn. skólan hugsaði eg skipt í tvent annan helming fyrir drengi hin fyrir telpur. með bústað fyrir skólastjóra samt leikfimnishús.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad-5. lands-spítala hugsaði eg lagðan í norðaustar horni hólsins með aðgáng frá sjó aðalbygging er sind er á útkastinu hugsaði eg fyrir læknisskóla bústað kennara samt fyrir pláss til móttöku og útskrifun sjúklinga og skrifstofum þeim er þörfum spítalans viðvíkur aðal. svæði hugsaði eg bygt eftir kröfum tímans- fæðingarstofn hús fyrir smittusama sjúkdóma samt Eld og þvotta hús- annars yrði hið stóra fyrirtæki að leggja undir landslæknir og fara eftir ráðum ráðum hans.- sjóböð mætti sjálfsagt nota

ad-6-7-8. hugsaði eg mjer tekin endir af skúrnum við hið gamla landshöfdingja hús sölvhóll yrði að falla sömuleiðis með tímanum hús þaug er liggja við smiðjustíg og liggja í miðri götu, annað mál yrði máske með battaríið mætti máski varðveita það sem nokkurskonar historiskar leifar frá fyrri tíð

það sem hjér í stuttu máli er sagt er aungvan veiginn neit er ekki mætti haggast, mætti breita um eftir vild ef betur færi eg vildi einungis láta í ljósi hugsun mína og vil aungvan veigin meina öðrum að hafa annað álit, það er heldur als ekki gefið að uppástúngu þessari geti orðið framgeingt, en af því að nú breita sjer nýir kraftar til framkvæmda og gagns landinu og sóma ættjarðarinnar þess vegna kem eg með uppástúngu þessa og ef henni á einhvern hátt yrði framgeingt þá væri áformi mínu náð

Til. Bæarstjórnarinnar í Reykjavík

Virðingarfilst
G. Ahrens.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur